

GJALDSKRÁ

fyrir

notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.

67
6. okt.

1. gr.

Rafmagn til ljósa, hvort heldur notuð eru úti eða inni, skulu einvörðungu seld gegnum rafmagnsmæla. Verð fyrir hverja kilowattstund er kr. 1,35.

2. gr.

Í hvert sinn, er fjárhagsáætlun rafstöðvar er gjörð, skal rafmagnsnefnd í samráði við rafstöðvarstjóra, gera tillögur um verðlag rafmagnsins fyrir næsta fjárhagstímabil, og leggist tillögur þessar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar. Er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka verðið alt að 50% frá því, sem ákveðið er í fyrstu grein, eftir því, sem rekstur rafstöðvarinnar ber sig. Allar verðlagsbreytingar skulu tafarlaust auglýstar opinberlega.

3. gr.

Fyrir hafnar- og götuljós skal setja upp mæli og skal verð fyrir ljósmagn það, sem eytt er þannig eða á annan hátt til þarfa bæjarfjelagsins, reiknað sama verði og rafmagn, sem selt er einstaklingum.

4. gr.

Heimilt er stöðvarstjóra í samráði við rafmagnsnefnd að leigja, gegn sanngjörnu gjaldi, rafmagnsmæla, þeim notendum ljóss, sem álist að ekki hafi efni á að kaupa mælana. Enn fremur er heimilt að selja fleirum en einum ljósnotanda rafljós í gegnum sama mæli, en gjaldinu sje skift niður á þá og innheimt eftir eyðslu, samkvæmt kertamagni hvers notanda.

5. gr.

Einstaklingar, sem fá straum til ljósa um sömu raftaugar og götu- eða hafnarljósin, greiði 25% hærri gjald fyrir hverja kilowattstund.

6. gr.

Verð á rafmagni til suðu, hitunar, lækninga, eða vjela, verður ákveðið með samningi bæjarstjórnarinnar við hvern notanda. Þó má ekkert rafmagn senda út frá rafstöðinni án þess að mælt sje.

67

6. okt.

7. gr.

Reikningsárinu skal skift í fjögur rafmagnssölu-tímabil og greiðast ljós-gjöldin fjórum sinnum á ári. Rafmagnssölu-tímabil og gjalddagar þeirra skiftast þannig niður á árið:

1. tímabil frá 1. jan. til 28. febr., 1. gjalddagi 28. febr.
2. tímabil 1. mars til 20. maí, 1. gjalddagi 20. maí.
3. tímabil 21. maí til 31. október, 1. gjalddagi 31. okt.
4. tímabil 1. nóv. til 31. desember, gjalddagi 30. des.

Síðari gjalddagar eru við aflestur rafmæla.

Á fyrsta gjalddaga hvers ljóstímabils skal byrjað á aflestri rafmæla og haldið áfram viðstöðulaust, uns aflestri allra rafmæla er lokið. Skal þá um leið farið greinilega, í þar til gjörða bók, eyðsla sú, sem farið hefir í gegnum hvern rafmæli, gjaldið reiknað út og krafíð og innheimt samstundis, gegn reikningslegri kvittun.

Taka má öll gjöld rafmagnsstöðvar lögtaki. Húseigandi ber ábyrgð á því, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Nú hefir rafmagnsnotandi ekki greitt áfallin gjöld, einum mánuði eftir að lesið hefir verið á mæli og krafíð um gjaldið (gjalddaga), eða skuldar nú frá fyrri árum, þá skal stöðvarstjóri slíta sambandi við hann, þar til greiðsla fer fram. Með samþykki bæjarstjórnar má slíta sambandi við notanda að fullu og öllu, hafi greiðsla ekki farið fram 2 mánuðum eftir gjalddaga. Sambandsslit skal tilkynna með 7 daga fyrirvara.

8. gr.

Með gjaldskrá þessari er úr gildi nugin gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað frá 3. mars 1921.

Gjaldskrá þessi er hjer með sett samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.